

**Niðursuðuvörur:**

Framleiðslusýnishorn (vatn, salt, pH, vigt o. fl.) .....	—	2 000
Geymsluþol (pH, vigt, dós o. fl.) .....	—	750
Vottorð .....	—	900

**2. gr.**

- a) Gjald fyrir efna- og gerlarannsóknir, sem ekki eru tilgreindar í þessari skrá ákveðst með hliðsjón af sambærilegum rannsóknum eða í samræmi við þann tíma og kostnað, sem slíkar rannsóknir krefjast.
- b) Gjaldskrá sú, er að framan greinir, miðast við, að rannsókn fari fram hjá Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins án óeðlilega mikils undirbúnings á sýnum þeim, sem rannsökuð eru.

**3. gr.**

Þegar sýnistaka á útfluttu mjöli eða lýsi er á vegum Framleiðslueftirlits sjávarafurða, greiðast kr. 1 500 fyrir hvert sýni auk launa fiskmatsmannsins, sem annast sýnistökuna.

Þegar um er að ræða sýnistöku á útfluttum niðursuðuvörum, greiðast aðeins laun starfsmannsins auk ferðakostnaðar.

Starfsmenn Framleiðslueftirlits sjávarafurða annast þessar sýnistökur samkvæmt leiðbeiningum frá Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins og með þeim tækjum, sem Rannsóknastofnunin lætur þeim í té.

**4. gr.**

Forstjóra er heimilt að veita afslátt á gildandi gjaldskrá, ef um er að ræða fyrirfram samningsbundnar rannsóknir eða rannsóknaverkefni, sem hafa vísindalegt eða almennt hagnýtt gildi.

**5. gr.**

Gjaldskrá þessi er sett samkvæmt lögum nr. 64 21. maí 1965, um rannsóknir í þágu atvinnuveganna, til þess að öðlast gildi 15. júní 1978 og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt er felld úr gildi gjaldskrá yfir efna- og gerlarannsóknir er Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins annast, frá 15. júní 1976.

*Sjávarútvegsráðuneytið, 8. júní 1978.*

F. h. r.

Jón L. Arnalds.

*Ingimar Einarsson.*

## REGLUGERÐ

### um heilbrigðismálaráð.

**I. KAFLI****Stofnun og skipan heilbrigðismálaráða.****1. gr.**

Í hverju læknishéraði skal starfa heilbrigðismálaráð.

## 2. gr.

Heilbrigðismálaráð skal þannig skipað:

Héraðslæknir (í Reykjavík borgarlæknir) er formaður ráðsins. Sveitarstjórnir læknishéraðsins kjósa aðra ráðsmenn að loknum hverjum sveitarstjórnarkosningum þannig:

- a) Reykjavíkurrhérað. Borgarstjórn kys 7 fulltrúa óhlutbundinni kosningu. Stjórnir eftirtalinnna stofnana tilnefna úr sínum hópi einn fulltrúa hver: Landspítali, Landakotsspítali, Kleppsspítali, Hjúkrunardeild Hrafnistu, Hjúkrunardeild Grundar og Gistiheimili Rauða Kross Íslands.
- b) Vesturlandshérað. Stjórnir heilsugæslustöðvanna í Borgarnesi, Ólafsvík og Búðardal skulu eiga einn fulltrúa hver úr sínum hópi og Sjúkrahúsið á Akranesi og Heilsugæslustöðin á Akranesi í sameiningu einn fulltrúa og hið sama gildir um Sjúkrahúsið í Stykkishólmi og Heilsugæslustöðina í Stykkishólmi.
- c) Vesfjarðahérað. Stjórnir sjúkrahúsa og heilsugæslustöðva á Patreksfirði, Þingeyri, Bolungarvík, Ísafirði og Hólmavík skulu eiga úr sínum hópi einn fulltrúa fyrir hvern stað. Ennfremur á Heilsugæslustöðin á Flateyri einn fulltrúa.
- d) Norðurlandshérað vestra. Stjórnir sjúkrahúsa og heilsugæslustöðva á Hvammsanga, Blönduósi, Sauðárkróki og Siglufirði skulu eiga úr sínum hópi einn fulltrúa fyrir hvern stað.
- e) Norðurlandshérað eystra. Stjórnir heilsugæslustöðvanna á Dalvík, Ólafsfirði, Akureyri, Kópaskeri, Þórshöfn og Raufarhöfn og sjúkrastofnanirnar Fjórðungs-sjúkrahúsið á Akureyri, hjúkrunardeild Kristneshælis og Sólborg á Akureyri skulu eiga einn fulltrúa hver úr sínum hópi. Stjórnir heilsugæslustöðvar á Húsavík og sjúkrahússins á Húsavík skulu eiga einn fulltrúa sameiginlega úr sínum hópi.
- f) Austurlandshérað. Stjórnir heilsugæslustöðvanna á Vopnafirði, Eskifirði, Fáskrúðsfirði, Djúpavogi og Höfn skulu eiga einn fulltrúa hver úr sínum hópi og stjórnir heilsugæslustöðva og sjúkrahúsa á Egilsstöðum, Seyðisfirði og Neskaupstað skulu eiga einn úr sínum hópi fyrir hvern stað.
- g) Suðurlandshérað. Stjórnir heilsugæslustöðvanna í Vík, Kirkjubæjarklaustri, Hellu, Laugarási og Hveragerði, svo og Heilsuhælis NLFÍ Hveragerði, Sólheima í Grímsnesi og Vistheimilsins að Gunnarsholti skulu eiga einn fulltrúa hver úr sínum hópi. Stjórnir heilsugæslustöðva og sjúkrahúsa á Selfossi og í Vestmannaeyjum skulu eiga einn úr sínum hópi fyrir hvern stað.
- h) Reykjaneshérað. Stjórnir heilsugæslustöðvanna í Hafnarfirði, Garðabæ, Kópavogi og Seltjarnarnesi svo og sjúkrastofnananna Vífilsstaðaspítala, St. Jósefsspítala Hafnarfirði, hjúkrunardeildar Sólvangs í Hafnarfirði, Kópavogshælis, Skálatúns, Tialdaness, Sjúkrastöðvar S.S.Á. í Revkjadal og vistheimilanna að Viðinesí og Hlaðgerðarkoti skulu eiga einn fulltrúa hver úr sínum hópi. Stjórnir heilsugæslustöðva og sjúkrahúsa á Reykjalandi og í Keflavík skulu eiga einn úr sínum hópi fyrir hvorn stað.

## II. KAFLI

## Hlutverk og verkefni heilbrigðismálaráða.

## 3. gr.

Heilbrigðismálaráð gerir áætlanir um framkvæmd og forgang verkefna á sviði heilbrigðismála í héraði. Heilbrigðismálaráð gerir árlegar fjárhags- og framkvæmda-áætlanir til notkunar við undirbúning fjárlagafrumverps og skal ráðið senda slíkt til heilbrigðisráðuneytis fyrir 15. maí ár hvert. Ráðið gerir einnig áætlanir til lengri tíma um skipan heilsugæslu og sjúkráþjónustu í héraðinu og endurskoðar slíkar áætlanir árlega og sendir landlækni og heilbrigðisráðuneytinu.

**4. gr.**

Heilbrigðismálaráð fjallar um skipulagningu á starfsemi og rekstri heilbrigðisstofnana í héraðinu í þeim mæli sem sveitarstjórnir verða ásáttar um.

Heimilt er að skipta ráðinu í deildir eftir sérverkefnum.

**5. gr.**

Heilbrigðismálaráðuneytið, landlæknir eða sveitarstjórnir geta á hverjum tíma falið heilbrigðismálaráði frekari verkefni á sviði heilbrigðismála umfram það, sem talið er upp í þessum kafla.

**III. KAFLI****Starfsreglur heilbrigðismálaráða.****6. gr.**

Formaður heilbrigðismálaráðs kveður ráðið saman til funda og stjórnar þeim. Kjörinn skal varaformaður og ritari ráðsins.

**7. gr.**

Formaður tilkynnir heilbrigðismálaráðuneyti og landlækni, hvaða fulltrúa sveitarstjórnir héraðsins hafi kjörið í heilbrigðismálaráð og hverjir hafi verið kjörnir varaformaður og ritari.

**8. gr.**

Heilbrigðismálaráð kemur saman til fundar svo oft sem þurfa þykir, þó ekki sjaldnar en tvisvar á ári.

Formanni er skylt að kveða heilbrigðismálaráð til fundar ef a. m. k. þriðjungur ráðsmanna óskar þess, enda sé fundarefni tilgreint.

**9. gr.**

Fundur heilbrigðismálaráðs telst löglega boðaður ef allir ráðsmenn hafa verið boðaðir með a. m. k. einnar viku fyrirvara.

Í fundarboði skal geta fundarefnisins.

**10. gr.**

Heilbrigðismálaráð afgreiðir mál með ályktunum á fundum. Ráðið er ekki ályktunarhæft nema a. m. k. helmingur ráðsmanna taki þátt í fundi. Afl atkvæða ræður úrslitum um afgreiðslu mála. Falli atkvæði jöfn ræður atkvæði formanns.

**11. gr.**

Ályktanir heilbrigðismálaráðs skulu ritaðar í gerðabók, sem ritari ráðsins varðveitir milli funda.

**12. gr.**

Launakostnað vegna starfa í heilbrigðismálaráði og ferðakostnað vegna funda heilbrigðismálaráðs ber sá aðili sem á fulltrúa í ráðinu.

Þóknananefnd ákveður laun vegna starfa í heilbrigðismálaráðum. Um ferðakostnað fer skv. reglum ríkisins.

**13. gr.**

Pegar fjallað er um á fundi heilbrigðismálaráðsins málefni tiltekings sveitarfélags eða verkefni sérstakra heilbrigðisstarfsmanna í héraðinu, má gefa viðkomandi málsaðila kost á að senda fulltrúa á fund ráðsins og hefur sá fulltrúi þá bæði málfrelsi og tillögurétt.

## IV. KAFLI

## Ýmis ákvæði.

## 14. gr.

Heilbrigðismálaráð einstakra læknishéraða geta sett sér ýtarlegri starfsreglur en hér er gert.

## 15. gr.

Reglugerð þessi er sett með stoð í 7. gr. 4. tl. laga nr. 57 frá 20. maí 1978 um heilbrigðisþjónustu og öðlast gildi þegar við birtingu.

*Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 8. júní 1978.*

Matthías Bjarnason.

*Páll Sigurðsson.*

30. maí 1978.

Nr. 226.

## REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 50 19. febrúar 1976 fyrir  
Vatnsveitu Sauðárkrókskaupstaðar.

## 1. gr.

16. gr. orðist svo:

Af öllum fasteignum, sem vatnsskattskyldar eru samkvæmt 15. gr., skal greiða árlegan vatnsskatt, sem er 0.25% af heildarmati hvernar fasteignar, þó eigi minna en kr. 25 af m<sup>3</sup> hvernar byggingar.

Gjalddagi skatts samkvæmt þessari grein er sá sami og gjalddagi fasteignaskatts.

## 2. gr.

17. gr. orðist svo:

Auk vatnsskatts samkvæmt 16. gr. skal innheimta aukavatnsskatt samkvæmt nánari ákvörðun bæjarráðs, fyrir verksmiðjur, iðnfyrirtæki, vinnslustöðvar, útgerðarstöðvar, sláturhús, frystihús, efnalaugar, þvottahús, bifreiðastöðvar, svo og af öðrum er nota vatn til annars en heimilisþarfa. Aukavatnsskatt skal innheimta samkvæmt mæli eða áætlun vatnsveitunnar. Vatnsveitan lætur notendum í té löggilta vatnsmæla og er ársleiga fyrir hvern mæli 50 m/m eða minni kr. 5 000 og kr. 10 000 fyrir stærri mæla. Vatnsveitan sér um uppsetningu mælanna og kostar eðlilegt viðhald þeirra, en skemmdir af mannavöldum eða frostum ber húseiganda að bæta. Gjöld samkvæmt 16. gr. eru miðuð við vísitölubyggingarkostnaðar pr. 1. jan. 1978 (176 stig), og breytast árlega í samræmi við breytingar á nefndri vísitölu.

## 3. gr.

18. gr. orðist svo:

Þar sem vatn er selt samkvæmt mæli eða vatnsnotkun er áætluð samkvæmt 17. gr. skal greiða, auk gjalds samkvæmt 16. gr.:

A gjald: 16 kr/m<sup>3</sup> fyrir notkun allt að 2500 m<sup>3</sup>/mán.

B gjald: 32 kr/m<sup>3</sup> fyrir notkun frá 2500 — 5000 m<sup>3</sup>/mán.

C gjald: 48 kr/m<sup>3</sup> fyrir notkun yfir 5000 m<sup>3</sup>/mán.

Gjöld samkvæmt þessari grein ber að greiða ársfjórðungslega.